

**Skagafjörður.**  
**22. fundur – sveitarstjórnar**  
**haldinn að Sæmundargötu 7a, miðvikudaginn 17. janúar 2024**  
**og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Einar Eðvald Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir, Guðlaugur Skúlason, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Helga Sigurrós Bergsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Helga Sigurrós Bergsdóttir, stjórnsýsluritari.

**Dagskrá:**

**1. Byggðarráð Skagafjarðar - 76 - 2312005F**

*Fundargerð 76. fundar byggðarráðs frá 13. desember 2023 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Sveinn Þ Finster Úlfarsson, Einar E Einarsson og Sveinn Þ Finster Úlfarsson kvöddu sér hljóðs.*

1.1 2210294 - Aðstaða fyrir Siglingaklúbbinn Drangey

*Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

1.2 2208173 - Málmey - afnota og leigusamningur - nýr umsjónaraðili

*Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með átta atkvæðum. Jóhanna Ey Harðardóttir óskar bókað að hún vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar.*

1.3 2312023 - Sundlaugamenning á skrá UNESCO - beiðni um þátttöku

*Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

1.4 2312028 - Beiðni um rekstrarstyrk fyrir 2024

*Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

1.5 2310018 - Gjaldskrá gatnagerðargjald, stofngjald fráveitu, byggingarleyfis og þjónustugjöld 2024

*Erindið var fullafgreitt á fundi sveitarstjórnar þann 13. desember 2023*

1.6 2312037 - Samráð; Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar

*Fulltrúar meirihluta ítreka bókun frá fundi byggðarráðs: Meirihluti byggðarráðs Skagafjarðar mótmælir þeirri niðurstöðu sem verkefnastjórn rammaáætlunar leggur til nú varðandi virkjunarkosti í Skagafirði. Þann 15. júní 2022 samþykkti Alþingi þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun, þingskjal nr. 1210, 332. mál á 152.*

löggjafarþingi). Þingsályktunin byggði á niðurstöðu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar þar sem mikilvægt var talið að ákvarðanir um flokkun virkjunarkosta í verndarflokk eða nýtingarflokk grundvölluðust á mati sem byggðist á bestu mögulegum upplýsingum um viðkomandi svæði og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúru þess og lífríki. Það var talið nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem uppi var um raunveruleg áhrif viðkomandi virkjunarkosta á þau viðföng sem til staðar eru í Héraðsvötnum áður en tekin yrði ákvörðun um hvort svæðið eigi að fara í verndarflokk eða nýtingarflokk yrði tekinn (þingskjal nr. 1210, 332. mál á 152.

löggjafarþingi). Á grunni samþykkrar þingsályktunar og nefndarálits meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis fól verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar faghópi 1 að endurmeta ofangreinda virkjunarkosti miðað við þau tilmæli sem Alþingi veitti verkefnisstjórn. Í álit verkefnisstjórnar kemur ekkert fram um að þeir hafi beðið aðra lögbundna faghópa að fjalla um málið sem vekur mikla furðu. Niðurstöður faghóps 1 í endurmatinu liggur nú fyrir og er hún sú að virkjunarkostir Héraðsvatna, Skatastaðavirkjun C, Skatastaðavirkjun D og Villingarnesvirkjun verði aftur færðar í verndarflokk. Sem fyrr segir er ekki neitt komið fram um vinnu eða álit faghópa nr 2, 3 eða 4 í endurmatinu. Það er líka rétt að benda á að niðurstöður faghópa nr. 3 og 4 hafa aldrei komið fram um virkjunarmöguleikana í Héraðsvötnum. Faghópi 3 er ætlað samkvæmt lögum að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið og faghópi 4 er ætlað greina hagkvæmi virkjunarkosta og kostnaðarflokka. Meirihluti byggðarráðs telur því að málið hafi ekki verið rannsakað eins og lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun kveða á um. Rétt er einnig að minna á stefnu stjórnvalda um að orkuskiptum á Íslandi skuli lokið fyrir árið 2040 og að á Norðurlandi öllu er verulegur skortur á orku ásamt því að vegalengdir frá virkjunum hamla meðal annars möguleikum á nýtingu jarðstrengja í uppbyggingu flutningskerfisins á Norðurlandi. Einnig er rétt að minna á þá miklu jarðfræðilegu óvissu sem ríkir í dag um jarðvarmavirkjanir á Suðvesturhorni landsins en við virkjun Blöndu á sínum tíma voru meðal annars notuð þau rök að hún væri utan eldvirkra svæða. Sömu rök gilda einnig í dag um t.d. virkjun Skatastaðavirkjunar. Fulltrúar meirihluta byggðarráðs Skagafjarðar skora því á umhverfis- og auðlindaráðherra og Alþingi að tryggja að allir virkjunarkostir Héraðsvatna verði áfram í biðflokki á meðan niðurstöðu annarra faghópa er beðið og ekki síður vegna þeirrar miklu óvissu sem uppi er um áhrif jarðhræringa á virkjanir og virkjanakosti á Reykjarnesskaganum.

Einar E. Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Sólborg S. Borgarsdóttir og Guðlaugur Skúlason.

Fulltrúar VG og óháðra ítreka bókun sína frá fundi byggðarráðs: Héraðsvötnin og Jökulárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að vernda þau og nýta þau óspjölluð í tengslum við fjölbætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing Vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska er einnig ómetanleg. Ferðaþjónusta í Skagafirði er í vexti og hafa fljótasiglingar skapað svæðinu mikla sérstöðu, enda einstakar á heimsvísu. Talið var að um ofmat væri að ræða í

rökstuðningi faghóps rammaáætlunar 3 og óskað var eftir endurmati á þeim grundvelli. Voru Héraðsvötn færð aftur í biðflokk í síðustu rammaáætlun fyrir vikið. Niðurstöður endurmatsins eru afdráttarlausar. Höfundar greinargerðar um endurmat telja að ekki hafi verið um ofmat að ræða á áhrifum fyrirhugaðra virkjana í Héraðsvötnum á þá þætti náttúruvæðis sem óskað var nánari skoðunar á. Meðal þess sem fram kom í athugunum endurmatsins var: Náttúruverndargildi Héraðsvatna er mjög hátt enda meðal umfangsmestu flæðiengja landsins. Þetta endurspeglast í því að svæðið hefur fengið sérstaka stöðu m.t.t. náttúruverndar, bæði innanlands og alþjóðlega, m.a. vegna mikilvægi svæðisins fyrir fugla og líffræðilega fölbreytni. Lífverusamfélög og vistkerfi flæðiengjanna hafa þróast í takt við reglubundnar sveiflur í umhverfinu. Aurinn sem berst með flóðum sem veita vatni á landið er vistfræðilega mikilvægur fyrir flæðiengjarnar og forsenda fyrir því að þær geti viðhaldið sér. Vatnsmiðlun vegna virkjunarframkvæmda hefur mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á eðli flóða í vatnakerfinu en þau eru grundvöllur vistkerfis flæðiengjanna. Flæðiengjar í Skagafirði eru hluti af stærri vistfræðilegri heild og því mikilvægt að huga að því þegar horft er til verðmætamats og mögulegra áhrifa aðgerða á vatnasvið Héraðsvatna. Orravatnsrústir sem eru efst á vatnasviði Héraðsvatna hafa hátt náttúruverndargildi ekki síst vegna rústamýra sem teljast alþjóðlega verndarþurfi og eru fremur sjaldgæfar hérlendis. Lón Skatastaðavirkjunar mun teygja sig inn á svæðið sem lagt er til að verði friðlýst og gæti haft áhrif á rústirnar. Niðurstaða höfunda greinargerðar um endurmat á niðurstöðu faghóps 1 í 3. áfanga rammaáætlunar á virkjunarkostum í Héraðsvötnum er að verðmæti vatnasviðs Héraðsvatna sé mjög hátt og hafi þar að leiðandi mikið náttúruverndargildi. Það er einnig álit höfunda að fyrirhugaðir virkjunarkostir myndu hafa mikil áhrif á vistkerfi og vistgerðir með hátt verndargildi. Höfundar greinargerðarinnar eru sammála áliti erlends sérfræðings sem fenginn var til að meta niðurstöður faghóps 1 í 3. áfanga um að ekki sé um ofmat að ræða á mögulegum áhrifum virkjunarhugmynda á vistkerfi svæðisins, þ.m.t. flæðiengjar á láglandi. Vinstri græn og óháð í Skagafirði fagna niðurstöðu endurmatsins og krefjast þess að farið verði eftir því faglega mati og um leið þeirri faglegu sátt sem rammaáætlun er ætlað að skapa.

Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.

- 1.7 2312054 - Samráð; Áform um frumvarp til laga um vindorku


Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.

- 1.8 2312045 - 3H Ráðgjöf ehf - kynning til sveitarfélaga

Afgreiðsla 76. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.

## 2. Byggðarráð Skagafjarðar - 77 - 2312016F

Fundargerð 77. fundar byggðarráðs frá 20. desember 2023 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.




- 2.1 2311258 - Ósk um fund  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 2.2 2311071 - Umsókn um rekstur sundlaugarinnar á Sólgorðum  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 2.3 2312141 - Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 2.4 2312142 - Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 2.5 2310020 - Útsvarshlutfall í Skagafirði 2024  
*Erindið var fullafgreitt á fundi sveitarstjórnar 20. desember 2023*
- 2.6 2310244 - Stækkun verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 2.7 2312115 - Persónuverndarþjónusta Dattaca Labs - kynning  
*Afgreiðsla 77. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

### 3. Byggðarráð Skagafjarðar - 78 - 2401001F

*Fundargerð 78. fundar byggðarráðs frá 4. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 3.1 2311258 - Ósk um fund  
*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 3.2 2312179 - Húsnæðisáætlun 2024 - Skagafjörður  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Húsnæðisáætlun 2024 - Skagafjörður, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 3.3 2302168 - Afskriftarbeiðnir 2023  
*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 3.4 2312187 - Endurnýjun girðingar við Mælifellskirkjugarð  
*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 3.5 2311249 - Samráð; Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg  
*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 3.6 2312232 - Samráð; Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - tillögur verkefnastjórnar



*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 3.7 2312144 - Íslenskur ungmennafulltrúi á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins 2024

*Afgreiðsla 78. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

#### 4. Byggðarráð Skagafjarðar - 79 - 2401004F

*Fundargerð 79. fundar byggðarráðs frá 10. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 4.1 2311255 - Fjárhólf vestan Sauðárkróks

*Afgreiðsla 79. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 4.2 2401056 - Sala á Lækjarbakka 5

*Afgreiðsla 79. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 4.3 2305106 - Áform um sölu félagsheimila í Skagafirði

*Afgreiðsla 79. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 4.4 2311079 - Opnað fyrir umsóknir um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða - C1

*Afgreiðsla 79. fundar byggðarráðs staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 4.5 2310007 - Gjaldskrá fasteignagjalda 2024

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Gjaldskrá fasteignagjalda 2024, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*

- 4.6 2401019 - Lántaka langtímalána 2024

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Lántaka langtímalána 2024, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*

#### 5. Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 18 - 2312018F

*Fundargerð 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar frá 20. desember 2023 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 5.1 2311247 - Styrktarbeiðni - Jólabbal Kvenfélags Akrahrepps

*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 5.2 2311284 - Styrkbeiðni vegna jólaballs

*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 5.3 2312038 - Styrkbeiðni vegna jólaballs

*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á*



*22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 5.4 2312133 - Styrkbeiðni vegna jólaballs  
*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 5.5 2312173 - Styrkbeiðni vegna jólaballs  
*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 5.6 2312018 - Samfélagsmiðlar og samstarfsfyrirtæki MN - samstillt átak tengd EasyJet  
*Afgreiðsla 18. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

#### **6. Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 19 - 2401010F**

*Fundargerð 19. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar frá 12. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 6.1 2312208 - Styrkbeiðni vegna jólaballs á Hofsósi  
*Afgreiðsla 19. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.2 2312214 - Styrkbeiðni vegna jólaballs í Fljótum  
*Afgreiðsla 19. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.3 2312180 - Stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 6.4 2401060 - Árskýrsla Héraðsskjalasafns Skagfirðinga 2023  
*Afgreiðsla 19. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.5 2312020 - Úthlutun byggðakvóta 2023-2024  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Úthlutun byggðakvóta 2023-2024, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*

#### **7. Landbúnaðarnefnd - 14 - 2401003F**


*Fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar frá 10. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 7.1 2311113 - Vatnsleysa 2 (235731) - Beiðni um stofnun lögbýlis  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Vatnsleysa 2 (235731) - Beiðni um stofnun lögbýlis, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 7.2 2211228 - Úthlutun til fjallskilanefnda 2023  
*Afgreiðsla 14. fundar landbúnaðarnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 með níu atkvæðum.*

## 8. Skipulagsnefnd - 40 - 2312010F

*Fundargerð 40. fundar skipulagsnefndar frá 14. desember 2023 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 8.1 2211189 - Helgustaðir í Unadal - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Helgustaðir í Unadal - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 8.2 2310046 - Umsagnarbeiðni -Breytingar á Blöndulínu 3, mál 0672 2023 í skipulagsgátt  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.3 2305016 - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu - Blöndulína 3  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Beiðni um aðalskipulagsbreytingu - Blöndulína 3, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 8.4 2207159 - Beiðni um lóð undir kennslu- og rannsóknaaðstöðu fiskeldis- og fiskalíffræði Háskólans á Hólum  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.5 2312010 - Norðurbrún 9b - Umsókn um lóð  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.6 2312008 - Lýtingsstaðir (L146202) - Umsókn um byggingarreit.  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.7 2312046 - Hamar 2 (L234539) - Umsókn um byggingarreit.  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Hamar 2 (L234539) - Umsókn um byggingarreit, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 8.8 2312071 - Helluland land I L(222955) - Umsókn um byggingarreit og breyting á landheiti, staðfangi.  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Helluland land I L(222955) - Umsókn um byggingarreit og breyting á landheiti, staðfangi. - 2312071, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 8.9 2312070 - Breyting á lögum nr. 6-2001, um skráningu og mat fasteigna, gildistöku reglugerðar um merki fasteigna  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.10 2311149 - Umsagnarbeiðni; Svæðisskipulag Suðurrhálendis nr. 0862 2023: Auglýsing tillögu (Nýtt svæðisskipulag)  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*




- 8.11 2311034F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 28  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 8.12 2202094 - Sauðárkrókur - Deiliskipulag, Skógargata, Aðalgata frá leikvelli að Kambastíg  
*Afgreiðsla 40. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*

**9. Skipulagsnefnd - 41 - 2401007F**

*Fundargerð 41. fundar skipulagsnefndar frá 11. janúar 2024 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 9.1 2203234 - Sauðárkrókur - Deiliskipulag tjaldstæði - Sauðárgil  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Sauðárkrókur - Deiliskipulag tjaldstæði - Sauðárgil, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.2 2111012 - Hraun í Fljótum - Deiliskipulag  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Hraun í Fljótum - Deiliskipulag, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.3 2307129 - Sólheimar 2 - Deiliskipulag  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Sólheimar 2 - Deiliskipulag, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.4 2312215 - Umsókn um lóð fyrir dreifistöð í Varmahlíð  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Umsókn um lóð fyrir dreifistöð í Varmahlíð, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.5 2312098 - Skarðseyri 5 - Umsagnarbeiðni frá byggingarfulltrúa  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 9.6 2312100 - Suðurbraut 9 - Umsagnarbeiðni frá byggingarfulltrúa  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 9.7 2311270 - Aðalgata 20b - Umsagnarbeiðni frá byggingarfulltrúa  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 9.8 2107037 - Eyrarland L146520 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - skógrækt  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Eyrarland L146520 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - skógrækt, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.9 2312218 - Helluland land G L219626 - Umsókn um nafnleyfi  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagsnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 9.10 2207159 - Beiðni um lóð undir kennslu- og rannsóknaaðstöðu fiskeldis- og fiskalíffræði Háskólans á Hólum





*Afgreiðsla 41. fundar skipulagnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*

- 9.11 2312182 - Birkimelur 25 - Lóðarmál  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Birkimelur 25 - Lóðarmál, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.12 2401077 - Nestún 14 - Lóðarmál  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Nestún 14 - Lóðarmál, síðar á fundinum. Samþykkt samhljóða.*
- 9.13 2310175 - Birkimelur 34 - 40, Umsókn um lóð  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*
- 9.14 2312015F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 29  
*Afgreiðsla 41. fundar skipulagnefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. Janúar 2024 með níu atkvæðum.*

#### 10. Veitunefnd - 12 - 2312021F

*Fundargerð 12. fundar veitunefndar frá 22. desember 2023 lögð fram til afgreiðslu á 22. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Guðlaugur Skúlason, Sveinn Þ Finster Úlfarsson og Guðlaugur Skúlason, kvaddi sér hljóðs.*

- 10.1 2303317 - Borgarmýrar rannsóknir og virkjun  
*Enginn kvaddi sér hljóðs. Afgreiðsla 12. fundar veitunefndar staðfest á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024 níu atkvæðum.*

#### 11. Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023 - 2312141

*Vísað frá 77. fundi byggðarráðs frá 20. desember sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:*

*"Lagður fram viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023-2026. Viðaukinn inniheldur meðal annars aukin framlög til rekstrar vegna kjarasamningsbundinna launahækkana, auk framlags vegna rekstrarúttektar HLH ráðgjafar. Einnig er gert ráð fyrir auknum tekjum vegna hækkunar útsvarstekna, hækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði og hækkun tekna vegna fasteignaskatts og lóðarleigu. Þá eru framkvæmdir sem ekki var unnt að ráðast í á árinu 2023 lækkaðar sem þeim nemur og fjármagn flutt yfir á aðrar framkvæmdir eða handbært fé. Að lokum er gert ráð fyrir breytingum á fjárhagsáætlun vegna framkvæmda við nýtt urðunarhólf hlutdeildarfélagins Norðurár bs. í Stekkjarvík og hækkana á lánum félagsins og lækkun handbærs fjár þess afsömu sökum. Hlutdeild Skaqafjarðar í Norðurá bs. er 69,8%. Lagt er til að viðaukanum verði mætt með lækkun handbærs fjár hjá sveitarfélaginu, lækkunar handbærs fjár hjá Norðurá bs. og lántöku hjá Norðurá bs. Ekki er gert ráð fyrir lántöku hjá sveitarfélaginu Skaqafirði í viðaukanum. Byggðarráð samþykkir framlagðan viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun 2023-2026 og vísar honum til afgreiðslu sveitarstjórnar."*

*Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023 borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur með níu atkvæðum.*

**12. Húsnæðisáætlun 2024 - Skagafjörður - 2312179**

Vísað frá 78. fundi byggðarráðs frá 4. janúar sl.  
Lögð fram húsnæðisáætlun 2024 fyrir Skagafjörð. Byggðarráð samþykkir að vísa áætluninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Húsnæðisáætlun 2024 fyrir sveitarfélagið Skagafjörð borin upp til afgreiðslu og samþykkt með níu atkvæðum.

**13. Gjaldskrá fasteignagjalda 2024 - 2310007**

Vísað frá 79. fundi byggðarráðs 10. janúar 2024.  
Lögð fram gjaldskrá fasteignaskatts, lóðar- og landleigu fyrir árið 2024. Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda verði tíu, frá 1. febrúar 2024 til 1. nóvember 2024. Heildarálagning á fasteign sem ekki nær 350 kr. fellur niður. Ef álagning fasteignagjalda á fasteign nær ekki 28.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga, 1. febrúar 2024. Einnig verður gefinn kostur á því að gjaldendur geti greitt upp fasteignagjöldin á einum gjalddaga í maí og eigi síðar en 10. maí 2024, séu þau jöfn eða umfram 28.000 kr. Byggðarráð samþykkir að álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðarleigu verði óbreytt frá árinu 2023. Landleiga beitarlands verði 11.000 kr./ha og landleiga ræktunarlands verði 16.500 kr./ha. Fjöldi gjalddaga verður tíu. Gjaldskránni vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Framlögð gjaldskrá fasteignagjalda 2024 borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

**14. Lántaka langtímalána 2024 - 2401019**

Vísað frá 79. fundi byggðarráðs frá 10. janúar sl.  
Byggðarráð Skagafjarðar samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. allt að fjárhæð 550 milljónir króna. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til framkvæmda eignasjóðs og hitaveitu og vegna endurfjármögnunar afborgana eldri lána hjá Lánasjóðinum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga ohf. nr. 150/2006. Jafnframt er Sigfúsi Inga Sigfússyni, kt. 031175-5349, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Sveinn Þ Finster Úlfarsson, Einar E Einarsson og Sveinn Þ Finster Úlfarsson kvöddu sér hljóðs.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir, með níu atkvæðum, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. allt að fjárhæð 550 milljónir króna. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lánið er tekið til framkvæmda eignasjóðs og hitaveitu og vegna endurfjármögnunar afborgana eldri lána hjá Lánasjóðinum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga ohf. nr. 150/2006. Jafnframt er Sigfúsi Inga Sigfússyni, kt. 031175-5349, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda

*hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

#### 15. Stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga - 2312180

*Vísað frá 19. fundi atvinnu, menningar- og kynningarnefndar frá 12. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar.*

*Tekið fyrir erindi frá Berglindi Þorsteinsdóttur, safnstjóra Byggðasafns Skagfirðinga, varðandi uppfærslu á stofnskrá byggðasafnsins. Erindi dagsett 19.12.2023.*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd samþykkir framlagða stofnskrá fyrir sitt leiti og vísar henni til afgreiðslu sveitarstjórnar.*

*Borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum*

#### 16. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312020

*Vísað frá 19. fundi atvinnu- menningar- og kynningarnefndar frá 12. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:*

*"Tekið fyrir erindi frá Matvælaráðuneytinu, dagsett 01. desember 2023, vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2023/2024.*

*Úthlutaður byggðakvóti til sveitarfélagsins Skagafjarðar er 145 tonn sem skiptast þannig:*

*Hofsós 15 tonn,*

*Sauðárkrókur 130 tonn.*

*Ráðuneytið óskar eftir rökstuddum tillögum varðandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga. Tillögum skal skilað fyrir 19. janúar 2024.*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 849/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024 í sveitarfélaginu Skagafirði:*

*1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi sveitarfélags verður 10 þorskígildistonn á skip."*


*2. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem landað er í byggðarlaga úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "*

*3. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins. "*

*Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd felur starfsmönnum nefndarinnar að senda inn ofangreindar tillögur ásamt rökstuðningi til samþykktar sveitarstjórnar.*

*Jafnframt leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd áherslu á að byggðakvóti nýtist til atvinnu- og verðmætasköpunar í sveitarfélaginu. Verði brögð að því að úthlutaður byggðakvóti nýtist ekki innan sveitarfélagsins með framsali hans, getur komið til álita að á næsta fiskveiðiári leggi nefndin til að engar sérreglur verði settar um úthlutun byggðakvóta.*

*Borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.*



**17. Vatnsleysa 2 (235731) - Beiðni um stofnun lögbýlis - 2311113**

Vísað frá 14. fundi landbúnaðarnefndar frá 10. janúar sl.  
Lögð fram ódagsett umsókn um stofnun lögbýlis á jörðinni Vatnsleysu í Skagafirði, frá Rúnari Þór Guðbrandssyni og Huldu Sóllilju Aradóttur, í gegnum félagið Trostan ehf., kt. 470103-3450, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis á jörðinni Vatnsleysu 2, landnúmer 235731. Áformað er að nýta jörðina fyrir hrossarækt. Veðbókarvottorð jarðarinnar fylgir erindinu ásamt yfirlitsmynd af landamerkjum hennar gagnvart aðliggjandi jörðum. Fyrir liggja jafnframt meðmæli ráðunautar hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins með að stofnun nýs lögbýlis á jörðinni verði samþykkt. Landbúnaðarnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að lögbýlið verði stofnað og mælir með að það hljóti staðfestingu sveitarstjórnar.

Beiðni um stofnum lögbýlis, borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

**18. Helgustaðir í Unadal - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu - 2211189**

Vísað frá 40. fundi skipulagsnefndar frá 14. desember 2023 til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Sveitarfélagið Skagafjörður vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, sem byggir á vinnslutillögum sem voru kynntar 8. mars - 6. apríl sem felur í sér skilgreiningu á nýju verslunar- og þjónustusvæði við Helgustaði í Unadal þar sem áform eru um ferðaþjónustu.

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi til auglýsingar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda breytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir, með níu atkvæðum, ofangreinda breytingingu og að senda hana Skipulagsstofnun, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


**19. Beiðni um aðalskipulagsbreytingu - Blöndulína 3 - 2305016**

Vísað frá 40. fundi skipulagsnefndar frá 14. desember 2023 til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu 3, óskaði Landsnet eftir því við Sveitarfélagið Skagafjörð, í bréfi dags. 25.4.2023 um að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, í samræmi við aðalvalkost sem kynntur var í umhverfismatsskýrslu Landsnets. Frá því aðalvalkostur var kynntur í umhverfismatsskýrslu hafa verið gerðar lítillegar breytingar á legu línunnar, sem eru tilkomnar vegna samtals og samráðs við landeigendur, en að auki hefur verkhönnun línunnar kallað á breytingar. Breytingarnar voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og liggur ákvörðun stofnunarinnar fyrir um að þær séu ekki háðar umhverfismati.

Innan Skagafjarðar felast helstu breytingarnar í fráviki frá upphaflegri línuleið við Mælifell og Brúnastaði 1 og 2, þar sem línan færir um 600-700 m. Auk þessara breytinga er lítilsháttar tilfærsla á línuleið yfir Héraðsvötn. Fjallað er um þessar tilfærslur í tilkynningu Landsnets til Skipulagsstofnunar í köflum 3.1.1.-3.1.3 og eru sýndar þar á mynd 3.1.2.

Óskar Landsnet eftir því að Skagafjörður taki fyrir breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 og Aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022





vegna Blöndulínu 3, í samræmi við Umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3 og því sem tekið er fram í minnisblaði: Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 og Aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022 vegna Blöndulínu 3 dagsett 25. apríl 2023. Að auki því sem fram kemur í tilkynningu Landsnets til Skipulagsstofnunar dagsett september 2023.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila umbeðna breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingin verði unnin á kostnað umsækjanda í samræmi við gildandi samþykktir sveitarfélagsins.

Fulltrúar Vinstri grænna og óháðra ítreka bókun frá fundi byggðarráðs: Nýlega endurskoðað og gildandi Aðalskipulag sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 gerir ráð fyrir að Blöndulína 3 fari um svokallaða Héraðsvatnaleið með 3,7 km jarðstreng á þeirri leið. Landsnet taldi á þeim tíma sem Héraðsvatnaleið var helsti valkostur, að möguleiki væri á jarðstreng á línuleiðinni. Nú hefur Landsnet kynnt aðalvalkost sinn, Kiðaskarðsleið, og fer fram á breytingu á Aðalskipulagi Skagafjarðar.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Landsnets er ekki gert ráð fyrir neinum jarðstreng á línuleiðinni m.a. með þeim rökum að jarðstrengur falli ekki að stefnu stjórnvalda um lagningu raflínu. Línuleiðin sem um ræðir fylgir ekki mannvirkjabelti að stórum hluta en Umhverfisstofun telur að velja eigi rafliNUM stað á mannvirkjabeltum sem þegar eru til staðar s.s. með vegum eða öðrum línum og forðast ætti að taka ný og óröskuð svæði undir háspennulínur og alls ekki svæði sem teljast lítið röskuð víðerni. Kiðaskarðsleið mun fara yfir lítið snortið land og helsta kennileiti fjarðarins, Mælifellshnjúkurinn mun verða fyrir sjónmengun af völdum hennar. Áhrif loftlínu á nærumhverfi sitt á þessu nánast ósnortna svæði eru án nokkrus vafa verulega neikvæð. Umhverfisgæði íbúa á svæðinu munu skerðast vegna línumannvirkjanna, bæði vegna mikilla sjónrænna áhrifa og vegna hljóðmengunar sem vart verður við ákveðin skilyrði. Stórt tengivirki kemur til með að rísa við fjallsrætur og kostnaðarsamur aukalegur 15 km jarðstrengur verður lagður þaðan til Varmahlíðar. Sá jarðstrengur kemur til með að skerða aðra jarðstrengs möguleika línunnar í framtíðinni. Allar þessar framkvæmdir með tilheyrandi lýti á ásynð Skagafjarðar koma þó ekki til með að skila aukinni raforku til íbúa eða fyrirtækja fjarðarins. Að mati VG og óháðra eru forsendur fyrir lagningu Blöndulínu 3 brostnar þar sem engin áform eru um jarðstreng á línuleiðinni. Jarðstrengur er mikilvæg málamiðlun þannig að framkvæmd þessi geti orðið í sátt við íbúa, landeigendur og atvinnurekendur sem eiga mikið undir ímynd héraðsins en ekki síst í sátt við náttúruna. Sveitarfélaginu ber að gæta hagsmuna íbúa Skagafjarðar og landeigenda í hvívetna og beita sér til þess á öllum stigum. Eigendur 10 landeigna á Kiðaskarðsleið frá Mælifelli austur að Héraðsvötnum hafa með vottuðum undirskriftum alfarið hafnað línulögn um lönd sín og því augljóst að ekki er sátt um framkvæmdina. Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir.

Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks ítreka bókun frá fundi byggðarráðs: Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks með því að taka umrædda ósk um breytingu á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 til efnislegar meðferðar er verið að byrja formlegt samráðsferli við íbúa Skagafjarðar um hugsanlega legu Blöndulínu 3 um Skagafjörð, þ.e.a.s. annan valkost en þann sem samþykktur var af sveitarstjórn 24. apríl 2019. Í samráðsferlinu mun öllum íbúum gefast kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um kosti og galla mismunandi legu línunnar. Það að taka málið til skipulagslegrar meðferðar er því bæði skylda sveitarfélagsins sem ábyrgðaraðila skipulagsmála í Skagafirði og forsenda þess að hægt sé að taka vandaða ákvörðun um endanlega legu línunnar.



*Einar E Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Sólborg Borgarsdóttir og Guðlaugur Skúlason.*

*Fulltrúar Byggðalista ítreka bókun frá fundi byggðarráðs:*

*Á 24. fundi Skipulagsnefndar þann 4. maí 2023 óskaði Landsnet eftir Aðalskipulagsbreytingu vegna færslu á Blöndulínu 3, frá svokallaðri Héraðsvatnaleið, yfir á nýja leið um Kiðaskarð. Með færslunni yrðu engar jarðstrengslagnir á línuleiðinni eins og gert er ráð fyrir í núgildandi Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu málsins vegna yfirstandandi mats um möguleika og getu raforkukerfisins á 220 kV jarðstrengslögn í Blöndulínu 3, unnið af Ragnari Kristjánssyni óháðum matsmanni og lektor við Háskólann í Reykjavík. Skýrsla með mati Ragnars var kynnt á 30. fundi Skipulagsnefndar, 16. ágúst, þar sem staðfest voru gögn Landsnets um litla sem enga möguleika á lagningu 220 kV jarðstrengs í Blöndulínu 3. Forsendur fyrir línuleiðinni um Héraðsvatnaleið eru því brostnar miðað við gildandi Aðalskipulag, þar sem gert er ráð fyrir a.m.k. 3,8 km löngum jarðstreng og er því ljóst að gera þarf breytingar á Aðalskipulagi vegna þess.*

*Við Aðalskipulagsbreytingu gefst íbúum Skagafjarðar möguleiki á umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga við auglýsingu skipulagslýsingar, breytingartillögu og við sjálfa aðalskipulagsbreytinguna.*

*Jóhanna Ey Harðardóttir og Sveinn Þ Finster Úlfarsson.*

*Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með sjö atkvæðum, að heimila umbeðna breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að breytingin verði unnin á kostnað umsækjanda í samræmi við gildandi samþykktir sveitarfélagsins.*

*Fulltrúar Vinstri grænna og óháðra, Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir óska bókað að þær sitji hjá.*

## **20. Hamar 2 (L234539) - Umsókn um byggingarreit. - 2312046**

*Vísað frá 40. fundi skipulagsnefndar frá 14. desember 2023 og þannig bókað:*

*"Baldur Haraldsson þinglýstur eigandi lóðarinnar Hamar 2 (landnr. 234539) Hegranesi Skagafirði, óskar eftir heimild til þess að stofna 1327,8 m<sup>2</sup> samkvæmt framlögðum afstöðuupprætti gerðum á Stoð ehf. verkfræðistofu af Braga Þór Haraldssyni. Númer uppráttar er S-101 í verki nr. 709521, dags. 18. maí 2023. Um er að ræða byggingarreit fyrir íbúðarhús með sambyggðri bílgeymslu, steyp hús á einni hæð með flötu þaki.*


*Hámarks nýtingarhlutfall byggingarreits verður 0,35 að meðtöldu aðstöðuhúsi. Meðan á byggingu íbúðarhússins stendur er óskað eftir því að staðsetja aðstöðuhús og vinnuskúra í norðausturhorni byggingarreitsins.*

*Vegtenging verður um nýja heimreið frá Hegranesvegi 764. Jákvæð umsögn Vegagerðarinnar um vegtengingu liggur fyrir.*

*Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunar.*

*Vegna landhalla og landfræðilegra aðstæðna getur minnsta fjarlægð byggingarreitsins frá þjóðvegi ekki orðið meiri en 50 m frá miðlínu og er sótt um undanþágu til þess að svo megi verða."*

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að óskað verði eftir undanþágu Innviðaráðuneytis frá d. lið 5.3.2.5, gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, vegna 100 m fjarlægðarmarka byggingarreits frá Hegranesvegi nr. (764).*



Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir, með níu atkvæðum, að óska eftir undanþágu Innviðaráðuneytis frá d. lið 5.3.2.5, gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, vegna 100 m fjarlægðarmarka byggingarreits frá Hegranesvegi nr. (764).

**21. Helluland land I L(222955) - Umsókn um byggingarreit og breyting á landheiti, staðfangi. - 2312071**

Vísað frá 40.fundi skipulagsnefndar frá 14. desember 2023 og þannig bókað:

"Alda Bragadóttir og Gunnlaugur Einar Briem þinglýstir eigendur íbúðarhúsalóðarinnar Helluland land I, landnúmer 222955 óska eftir heimild til að stofna 4400 m<sup>2</sup> byggingarreit á lóðinni eins og sýnt er á meðfylgjandi afstöðuuppdrætti nr. S01 í verki 77290101 útg. dags. 6. desember 2023. Afstöðuuppdráttur var unnin afínu Björk Ársælsdóttir á Stoð ehf. verkfræðistofu. Um er að ræða byggingarreit fyrir íbúðarhús að hámarki 180 m<sup>2</sup> að stærð. Einnig er óskað eftir vegtengingu inn á lóðina frá Hegranesvegi (764). Meðfylgjandi er samþykki vegagerðarinnar. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar sem er án athugasemda. Jafnframt óska, þinglýstir eigendur íbúðarhúsalóðarinnar Helluland land I eftir því að breyta staðfangi lóðarinnar í "Klettaborg". Staðfangið vísar til klettamyndana á lóðinni. Ekkert annað landnúmer í Skagafirði er skráð með sama staðfang."

Skipulagsnefnd samþykkir umbeðið nafn/staðfang Klettaborg en leggur jafnframt til við sveitarstjórn að óskað verði eftir undanþágu Innviðaráðuneytis frá d. lið 5.3.2.5, gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, vegna 100 m fjarlægðarmarka byggingarreits frá Hegranesvegi nr. (764).

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir umbeðið nafn/staðfang Klettaborg með níu atkvæðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Skagafjarðar að óska eftir undanþágu Innviðaráðuneytis frá d. lið 5.3.2.5, gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, vegna 100 m fjarlægðarmarka byggingarreits frá Hegranesvegi nr. (764).

**22. Sauðárkrókur - Deiliskipulag tjaldstæði - Sauðárgil - 2203234**

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

Lögð fram deiliskipulagstillaga fyrir tjaldsvæðið við Sauðárgil á Sauðárkróki sem unnin er af Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Skagafjarðar. Markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag fyrir nýtt tjaldsvæði á Sauðárkróki ásamt uppbyggingu útivistarsvæðis við Sauðárgil. Fyrirhugað er að núverandi tjaldsvæði á Flæðum víki vegna uppbyggingar menningarhúss. Helstu viðfangsefni eru skilgreining á lóðarmörkum, byggingarreitum, bílastæðum og aðkomu með tilliti til umferðaröryggis. Stígakerfi um svæðið er skilgreint og umgjörð útivistarsvæðis við Sauðárgil. Jafnframt eru settir fram skilmálar um umgjörð og skipulag á nýju tjaldsvæði með góðri aðstöðu fyrir ferðavagna og tjöld.

Skipulagsnefnd leggur til við Sveitarstjórn að setja tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjaldsvæðið við Sauðárgil í auglýsingu í samræmi við 41.gr skipulagslaga 123/2010. Jón Daníel Jónsson vék af fundi við afgreiðslu erindisins.

Sveinn Þ Finster Úlfarsson, Hrund Pétursdóttir, Einar E Einarsson, Sveinn Þ Finster Úlfarsson og Einar E Einarsson tóku til máls.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nýu atkvæðum, að setja tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjaldsvæðið við Sauðárgil í auglýsingu í samræmi við 41.gr skipulagslaga 123/2010.

### 23. Hraun í Fljótum - Deiliskipulag - 2111012

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

Lögð fram uppfærð deiliskipulagstillaga fyrir Hraun í Fljótum unnin á Kollgátu arkitektastofu fyrir hönd Fljótabakka ehf. dags. 25.11.2023, þar sem gerðar hafa verið breytingar á tillögunni í samræmi við athugasemdir umsagnaraðila sem bárust á auglýsingartíma.

Skipulagsnefnd telur að um sé að ræða óverulegar breytingar og því ekki talin þörf á auglýsingu að nýju. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði send Skipulagsstofnun í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nýu atkvæðum, að deiliskipulagstillagan verði send Skipulagsstofnun í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

### 24. Sólheimar 2 - Deiliskipulag - 2307129

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

Lögð fram deiliskipulagstillaga fyrir Sólheima 2 í Blönduhlíð unnin af Birni Magnúsi Árnasyni á Stoð ehf. verkfræðistofu.

Skipulagsuppráttur nr. DS-01 sýnir fyrirhugaða uppbyggingu á Sólheimum 2.

Uppdrátturinn sýnir staðsetningu byggingarreita, lóðamarka, vegtenginga og aðkomu að byggingum, ásamt helstu byggingarskilmálum.

Svæðið er að mestu leyti mólendi og ekkert ræktað land er innan skipulagssvæðisins.

Austast á svæðinu er landið í um það bil 90 m hæð en lækkar til vesturs niður í um það bil 40 m hæð næst gamla þjóðveginum. Hafin er bygging á íbúðarhúsi og bílskúr innan byggingarreits nr. BR-1 sem var samþykktur í skipulagsnefnd Skagafjarðar þann 6.10.2022 og í sveitarstjórn þann 10.10.2022.

Stærð skipulagssvæðið er 11,3 ha.

Skipulagsnefnd leggur til við Sveitarstjórn að setja tillögu að deiliskipulagi fyrir Sólheima 2 í Blönduhlíð í Skagafirði í auglýsingu í samræmi við 41.gr skipulagslaga 123/2010.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nýu atkvæðum, að setja tillögu að deiliskipulagi fyrir Sólheima 2 í Blönduhlíð í Skagafirði í auglýsingu í samræmi við 41.gr skipulagslaga 123/2010.

### 25. Umsókn um lóð fyrir dreifistöð í Varmahlíð - 2312215

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

Rögnvaldur Guðmundsson fyrir hönd RARIK óskar eftir því að fá lóð undir dreifistöð/spennistöð í Varmahlíð til að auka afhendingar möguleika af raforku í

Varmahlíð.

Húsið sem ráðgert er að nota er af gerðinni Rafal áætluð stærð 3340x2240 mm.

Meðfylgjandi gögn:

- Teikning af staðsetningu lóðar sem sótt er um.

- Mynd af væntanlegu húsi fyrir dreifistöð.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitastjórn að grenndarkynna óverulega breytingu á gildandi skipulagi í samræmi við 2. mrg. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lagt er til að tillagan sé kynnt fyrir Kaupfélagi Skagfirðinga og Olís ásamt lóðarhöfum Mánabúfu 1, Skógarstígs 1, 2, 4 og 6 og Laugavegs 1.

Sveitastjórn Skagafjarðar samþykkir með níu atkvæðum, að grenndarkynna óverulega breytingu á gildandi skipulagi í samræmi við 2. mrg. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitastjórn samþykkir einnig að tillagan sé kynnt fyrir Kaupfélagi Skagfirðinga og Olís ásamt lóðarhöfum Mánabúfu 1, Skógarstígs 1, 2, 4 og 6 og Laugavegs 1.

## 26. Eyrarland L146520 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - skógrækt - 2107037

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

Málið áður á dagskrá 413. fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 18.8.2021. Á fundinum eftirfarandi bókað:

Vísað frá 409. fundi skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu sveitarstjórnar. "Ása Jóhanna Pálsdóttir kt. 111174-5209 eigandi lögbýlisins Eyrarland L146520 óskar eftir framkvæmdaleyfi til nytjaskógræktar á 60,0 hektara svæði í landi jarðarinnar. Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur af fyrirhuguðu skógræktarsvæði dagsettur 5.7.2021 gerður af Skógræktinni. Niðurstaða skipulags- og byggingarnefndar er að umbeðin framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 1.07 í 1. viðauka laga númer 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitastjórn að umbeðið framkvæmdaleyfi verði veitt að fenginni jákvæðri umsögn minjavarðar." Afgreiðsla byggðarráðs: "Afgreiðslu 409. fundar skipulags- og byggingarnefndar er vísað aftur til afgreiðslu nefndarinnar á 976. fundi byggðarráðs þann 9. ágúst 2021 með þremur atkvæðum þar sem fornleifaskráning liggur ekki fyrir." Ósk um veitingu framkvæmdaleyfis, að fenginni jákvæðri umsögn minjavarðar, borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt með níu atkvæðum að vísa málinu aftur til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar þar sem fornleifaskráning liggur ekki fyrir."

Fyrir liggur uppfærð umsókn dagsett 6.12. 2023 um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlinu Eyrarlandi undirrituð af Ástu Jóhönnu Pálsdóttur og Einari Þorvaldssyni ásamt fornleifaskráningu vegna skógræktar unnin af Hermanni Jakob Hjartarssyni og Rúnu K. Tetzschner hjá Antikva ehf.

Fyrir liggur umsögn minjavarðar um samningssvæði skógræktar án athugasemdar dags. 13.12. 2023.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland L2 í Aðalskipulagi Skagafjarðar þar sem nytjaskógrækt er heimiluð.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitastjórn að umbeðið framkvæmdaleyfi verði veitt.

Umbeðið framkvæmdaleyfi borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með

nú atkvæðum.

**27. Birkimelur 25 - Lóðarmál - 2312182**

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

"Fyrirliggur erindi frá Helgu Sjöfn Pétursdóttur og Hjalta Sigurðarsyni þar sem þau óska eftir fresti til að hefja byggingarframkvæmdir ásamt rökstuðningi þess efnis, en þau áforma að ljúka húsbýggingunni sumarið 2024. Lóðinni fengu þau var úthlutað 16. nóvember 2022."

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita umbeðinn frest til 1. maí 2024 til að hefja byggingarframkvæmdir.  
Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nú atkvæðum að veita umbeðinn frest.

**28. Nestún 14 - Lóðarmál - 2401077**

Vísað frá 41. fundi skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað:

"Stefán Vagn Stefánsson og Hrafnhildur Guðjónsdóttir óska eftir því að fá frestun á afgreiðslu á samþykktum byggingaráformum fyrir Nestún 14 þar til 1. apríl 2024. Lóðinni fengu þau var úthlutað 10. maí 2023."

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita umbeðinn frest til 1. maí 2024 til að hefja byggingarframkvæmdir.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir með nú atkvæðum að veita umbeðinn frest.

**29. Endurtilnefning aðalmanns Vg og óháðra í AMK - 2401160**

Lagður fram tölvupóstur frá Álfhildi Leifsdóttur dags. 12. janúar sl. þar sem hún tilkynnir fyrirhugaðar breytingar á aðalmanni Vg og óháðra í Atvinnu- menningar og kynningarnefnd.

Í stað Auðar Bjarkar Birgisdóttur kemur Tinna Kristín Stefánsdóttir.  
Samþykkt samhljóða.

**30. Kjördeildir í Skagafirði - 2302160**

Vísað frá 80. fundi byggðarráðs frá 17. jan sl.

Tilnefning fulltrúa í kjördeildir á Sauðárkróki, Varmahlíð og Hofsósi eru eftirfarandi:

Kjördeild 1 Sauðárkróki.

Aðalmenn: Atli Víðir Hjartarson formaður, Ásta Ólöf Jónsdóttir og Kristjana E. Jónsdóttir.

Varamenn: Brynja Ólafsdóttir, Steinn Leó Rögnvaldsson og Guðný Guðmundsdóttir

Kjördeild 2 Varmahlíð.

Aðalmenn: Valgerður Inga Kjartansdóttir formaður, Vagn Þormar Stefánsson og Þorbergur Gíslason.

Varamenn: Sigríður Sigurðardóttir, Bjarni Bragason og Valdimar Óskar Sigmarsson.

Kjördeild 3 Hofsósi.

Aðalmenn: Ingibjörg Klara Helgadóttir formaður, Sigmundur Jóhannesson og Alda





*Laufey Haraldsdóttir.*

*Varamenn: Vala Kristín Ófeigsdóttir, Eiríkur Arnarsson og Sjöfn Guðmundsdóttir.*

*Aðrar tilnefningar komu ekki fram og skoðast þessi því rétt kjörin.*

**31. Skagfirskar leiguíbúðir hses - 42 - 2312024F**

*42. fundargerð Skagfirskra leiguíbúða hses. frá 20. desember 2023 lögð fram til kynningar á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024*

**32. Fundagerðir SSNV 2024 - 2401025**

*102. fundargerð stjórnar SSNV frá 9. janúar 2024 lögð fram til kynningar á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024*


**33. Fundagerðir Sambands ísl. sveitarfélaga 2023 - 2301003**

*904. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15. desember 2023 lögð fram til kynningar á 22. fundi sveitarstjórnar 17. janúar 2024*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55.**



Einar Eðvald Einarsson



Hrunn Pétursdóttir



Hrefna Jóhannesdóttir




Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir



Guðlaugur Skúlason




Jóhanna Ey Harðardóttir



Sveinn Þ. Finster Úlfarsson

Álfhildur Leifsdóttir

  
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

  
Sigfús Ingi Sigfússon

  
Helga Sigurrós Bergsdóttir